



# Íslandsmót Kæna 2018

## 10. til 12. ágúst á Akureyri

### Siglingaklúbburinn Nökkvi

### Tilkynning um keppni

#### 1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- a. Kappsiglingareglum World Sailing 2017-2020
- b. Kappsiglingareglum SÍL
- c. Kappsiglingareglum mótsins

#### 2. Auglýsingar

- a. Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar
- b. Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa að sýna á bátum eða búnaði

#### 3. Þátttökuréttindi

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppnisreglum SÍL. Stefnt er að keppa í eftirfarandi flokkum:

- a. Optimist A
- b. Optimist B

- c. Laser Standard
- d. Laser Radial
- e. Laser 4.7
- f. Topper Topaz
- g. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki eða samkvæmt ákvörðun keppnisstjóra.

#### **4. Skráning**

Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir 4.ágúst með tölvupósti á siglingaklubburinn@gmail.com. Taka þarf fram nöfn keppenda, seglanúmer, bátategund og félag sem keppt er fyrir. Þó er hægt að skrá allt fram að skipstjórafundi, þá hækkar þátttökugjald.

#### **5. Þátttökugjald**

Þátttökugjald á hvern keppanda er 5000. Kr Gjaldið hækkar í kr. 7000 ef skráning berst eftir Mánudaginn 6.ágúst. Gjald greiðist á reikning: 0162-26-4231 kt. 450979-0319. Þátttökufélög eru beðinn um að greiða fyrir alla sína keppendur í einu fyrir 4. ágúst 2018.

Skrá verður aðstandendur sérstaklega í grillveislu á laugardegi. Hámark 2 fyrir hvern keppenda. Verð á mann 1200 kr.

#### **6. Tímaáætlun**

10. ágúst: Skipstjórafundur kl. 16.00. Fyrsta viðvörunarmerki kl. 17.00. Ekki verður ræst eftir kl. 19:30 (stefnt að 1-3 umferðum)

11. ágúst: Skipstjórafundur 9.00. Fyrsta viðvörunarmerki 10.00. Ekki ræst eftir 16.30 (stefnt að 3-5 umferðum)

12. Ágúst: Varadagur ef ekki hafa náðst 5. umferðir. Skipstjóra fundur er kl 9.00 ekki ræst eftir kl. 14.00.

Áætlað er að ná 7 umferðum.

## **7. Kappsiglingafyrirmæli**

Siglingafyrirmæli verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað.

## **8. Keppnissvæði**

Keppt verður á Pollinum við Akureyri.

## **9. Keppnisbraut**

Keppnisbraut geta verðið eftirfarandi: Þríhyrningsbraut, Þríhyrningsbraut með pylsu, beiting-lens-beiting braut eða Trapizubraut með eða án pylsu eða samkvæmt ákvörðun keppnisstjórnar. Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum.

## **10. Stigakerfi**

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum. Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

## **11. Verðlaun**

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

## **12. Verðlaunaafhending**

Verðlaunaafhending fer fram strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

## **13. Ábyrgð**

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4. ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra

sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

#### **14. Þjálfara- og öryggisbátar**

Óskað er eftir að félög sem senda keppendur yngri en 18. ára til keppni leggi til a.m.k. einn öryggisbát. Þjálfara- og öryggisbátar skulu halda sér utan brautar og mega ekki hafa samskipti við keppendur nema í neyðartilvikum.

#### **Frekari upplýsingar**

Frekari upplýsingar fást hjá Rúnari Þór Björnssyni með tölvupósti á  
[siglingaklubburinn@gmail.com](mailto:siglingaklubburinn@gmail.com)

Siglingaklúbburinn Nökkvi Akureyri Drottningarbraut – 600 Akureyri  
Reikn. 0162-26-4231 Kt.450979-0319